

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur miðvikudaginn 3. janúar 2007 í máli nr. E-2831/2005:

Guðrún Kjarval

Mette Stíil

(Kristinn Bjarnason hrl.)

gegn

Reykjavíkurborg

(Kristbjörg Stephensen hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 29. nóvember sl., er höfðað með stefnu birtri 18. apríl 2005.

Stefnendur eru Guðrún Kjarval, Krugervej 64, Sejs, Danmörku og Mette Stíil, Strandvejen 17, Tranum, Brovst, Danmörku f.h. dánarbús Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals.

Stefndi er Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. Viðurkenningarkrafa:

Stefnandi, dánarbú Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals, krefst þess að viðurkenndur verði með dómi eignarréttur dánarbúsins á eftirtöldum munum sem fluttir voru úr vinnustofu hins látna að Sigtúni 7, Reykjavík í október, nóvember og desember 1968 og eru í vörslum stefndu, Reykjavíkurborgar, samkvæmt dómskjölum nr. 3, 4, 5 og 6 sem hér segir:

a) Listaverk eftir Jóhannes S. Kjarval upptalin og merkt K-0001-5301 í dómskjali nr. 3.

b) Listaverk eftir aðra listamenn en Jóhannes S. Kjarval upptalin og merkt LR-1696-1718 í dómskjali nr. 4.

- c) Ýmsir munir upptaldir og merktir K-001 - 347 í dómskjali nr. 5.
- d) Bækur upptaldar í dómskjali nr. 6.

2. *Afhendingarkrafa-dagsektir.*

Stefnandi, dánarbú Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals, krefst þess að stefnda, Reykjavíkurborg, verði dæmd til að afhenda stefnanda eftirtalda muni sem fluttir voru úr vinnustofu hins látna að Sigtúni 7, Reykjavík í október, nóvember og desember 1968 og eru í vörslum stefndu, Reykjavíkurborgar, samkvæmt dómskjölum nr. 3, 4, 5 og 6 sem hér segir:

- a) Listaverk eftir Jóhannes S. Kjarval upptalin og merkt K-0001-5301 dómskjali nr. 3.
- b) Listaverk eftir aðra listamenn en Jóhannes S. Kjarval upptalin og merkt LR-1696-1718 í dómskjali nr. 4.
- c) Ýmsir munir, upptaldir og merktir K-001-347 í dómskjali nr. 5.
- d) Bækur upptaldar í dómskjali nr. 6.

Þess er krafist að stefnda, Reykjavíkurborg, verði dæmd til að greiða dagsektir, 200.000 krónur fyrir hvern dag hafi afhending tilgreindra muna til stefnanda ekki farið fram innan 15 daga frá dómsuppsögu.

3. *Málskostnaðarkrafa.*

Stefnandi krefst málskostnaðar úr hendi stefndu að skaðlausu.

Stefndi krefst að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Til vara krefst stefndi þess að hann verði sýknaður af afhendingarkröfu stefnanda að svo stöddu og að viðurkenndur verði haldsréttur stefnda í þeim verkum og munum sem stefndi tók við úr vinnustofu Kjarvals árið 1968, sem eru nánar tilgreind:

- a. Listaverk eftir Jóhannes S. Kjarval, upptalin og merkt K-0001-5301 í dómskjali nr. 3.
- b. Listaverk eftir aðra listamenn en Jóhannes S. Kjarval, upptalin og merkt LR 1696 - 1718 í dómskjali nr. 4.

c. Ýmsir munir upptaldir og merktir K-001-347 í dómskjali nr. 5.

d. Bækur upptaldar í dómskjali nr. 6.

Jafnframt krefst stefndi að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Til þrautavara krefst stefndi rýmilegs afhendingarfrests, að dagsektakröfu stefnanda verði hafnað og málskostnaður í því tilviki látinn falla niður.

MÁLSATVIK, MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK

Jóhannes Sveinsson Kjarval listmálari, sem fæddur var hinn 15. október 1885, lést hinn 13. apríl 1972. Lögerfingjar hans voru börn hins látna og Tove Merild sem hann kvæntist árið 1915, Aase fædd árið 1917 og Sveinn fæddur árið 1919. Jóhannes S. Kjarval og Tove Merild slitu samvistum árið 1924 en þá flutti hún ásamt börnum þeirra til Danmerkur.

Hinn 18. apríl 1972 óskuðu Sveinn Kjarval og Aase Kjarval Lökken eftir leyfi sýslumannsins í Reykjavík til einkaskipta á dánarbúi Jóhannesar Kjarvals og var einkaskiptaleyfi veitt sama dag. Á þessum tíma og meðan einkaskipti stóðu voru báðir tilgreindir erfingjar hins látna búsettir í Danmörku.

Einkaskiptum var lokið með því að erfðafjárskýrslu, dags. 1. apríl 1973, undirritaðri í Brökhus í Danmörku, var skilað til sýslumannsins í Reykjavík og erfðafjárskattur greiddur hinn 16. apríl 1973.

Samkvæmt erfðafjárskýrslunni voru til skipta eignir samtals að verðmæti gkr. 1.415.000,00 og samanstóðu þær af eftirfarandi:

1. Peningaeign gkr. 1.390.000,00

2. Teikningum á veggjum í herbergi í

Austurstræti 10a, gkr. 25.000,00

Til frádráttar kom kostnaður að fjárhæð gkr. 60.000,00 og var því hrein eign til skipta gkr. 1.355.000,00.

Aase Kjarval Lökken og Sveinn Kjarval eru bæði látin.

Aase Kjarval Lökken eignaðist eina dóttur, Mette Stiil, og var hún einkaerfingi hennar.

Eftirlifandi eiginkona Sveins Kjarval er Guðrún Kjarval og situr hún í óskiptu búi þeirra.

Með bréfi til sýslumannsins í Reykjavík, dags. 19. nóvember 2003, óskaði lögmaður stefnanda fyrir hönd Mette Stiil og Guðrúnar Kjarval, eftir að einkaskipti á dánarbúi Jóhannesar Sveinssonar Kjarval yrðu endurupptekin á þeim grundvelli að ekki hefðu komið fram allar eignir sem hefðu átt að koma til álita við skiptin í öndverðu sbr. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 20/1991.

Annars vegar var haldið fram að munir sem teknir voru úr vinnustofu Jóhannesar S. Kjarvals að Sigtúni 7, Reykjavík haustið 1968 og komust í vörslur Reykjavíkurborgar væru eign dánarbúsins og hefðu átt að koma til álita við skiptin.

Ágreiningur er um eignarrétt að þessum munum og er mál þetta höfðað vegna þess ágreinings.

Hins vegar var haldið fram að renningur með 10 kolateikningum eftir Jóhannes S. Kjarval sem fannst í Stýrimannaskólanum árið 1994 væri í eigu dánarbúsins. Ekki er kunnugt um að ágreiningur sé um það eignarhald og eru þessi verk í vörslum afkomenda listamannsins.

Með bréfi, dags. 6. febrúar 2004, féllst sýslumaðurinn í Reykjavík á endurupptöku einkaskipta á dánarbúi Jóhannesar S. Kjarvals á grundvelli 2. mgr. 95. gr. laga nr. 20/1991 sbr. 155. gr. laganna. Skiptin fara fram með forræði og á ábyrgð þeirra aðila sem koma í stað látinna frumerfingja sem voru eins og áður greinir börn hins látna.

Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 20. júní 2004, til Reykjavíkurborgar var sett fram krafa til borgarinnar um að hún afhenti öll myndverk og aðra muni sem teknir voru úr vinnustofunni að Sigtúni 7, Reykjavík síðari hluta ársins 1968. Jafnframt var óskað eftir því að ef fallist yrði á afhendingu yrði gert samkomulag með aðilum um það með hvaða hætti afhending færi fram og öðrum tengdum álitafnum yrði lokið eftir atvikum.

Þá var sérstaklega óskað eftir að látið yrði í té yfirlit um listaverk og aðra muni í vörslum Reykjavíkurborgar sem stöfuðu frá Jóhannesi S. Kjarval þar sem fram kæmi hvaða munir hefðu komið úr vinnustofunni að Sigtúni 7 í október til desember 1968.

Með bréfi borgarlögmanns, dags. 8. júlí 2004, var erindi stefnanda svarað en þar segir:

„Til svars erindi yðar er rétt að taka fram, að hinn 7. nóvember 1968 gaf Jóhannes Sveinsson Kjarval Reykjavíkurborg, myndverk og aðra muni sem hér um ræðir með munnlegri gjafayfirlýsingu. Hafði yfirlýsingin þá réttarverkun í för með sér, að eignarréttindi yfir umræddum verkum og munum færðust frá listamanninum til

Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg er þar af leiðandi lögmætur eigandi umræddra verka og muna.

Að teknu tilliti til ótvíræðs eignarréttar Reykjavíkurborgar yfir þeim verkum og munum sem Jóhannes Sveinsson Kjarval færði henni að gjöf árið 1968 er kröfu umbj. yðar um afhendingu þeirra hafnað.“

Með svari þessu, sem beint er að dánarbúi Jóhannesar S. Kjarvals, telja stefnendur að skýrlega liggi fyrir að Reykjavíkurborg byggji einvörðungu á því að eignarréttur tilgreindra muna hafi færst til hennar á grundvelli meintrar gjafayfirlýsingar.

Mál þetta hljóti því að snúast um það hvor aðila hafi sönnunarbyrði um að slík yfirlýsing hafi verið látin í té, hvort lögfull sönnun hafi tekist um að hún hafi verið gefin og þá hvert efni hennar hafi verið.

Með bréfi borgarlögmans, dags. 1. september 2004, fylgdi skrá Listasafns Reykjavíkur um muni Jóhannesar S. Kjarvals sem voru að Sigtúni 7, Reykjavík.

Í máli þessu er af hálfu þeirra sem standa nú til arfs eftir Jóhannes S. Kjarval leitað dóms um viðurkenningu eignarréttar dánarbús Jóhannesar S. Kjarvals listmálara á listaverkum og öðrum munum sem komust í vörslur stefndu, Reykjavíkurborgar, haustið 1968, nánar tiltekið október, nóvember og desember það ár, er þeir voru fluttir úr vinnustofu listamannsins að Sigtúni 7, Reykjavík.

Jafnframt er þess krafist að munir þessir verði að viðlögðum dagsektum afhentir dánarbúinu þannig að þeir geti komið til arfskipta enda hljóti stefnda að viðurkenndum eignarrétti að vera skylt að afhenda dánarbúinu munina þar sem vörslurnar byggja ekki á heimild eiganda.

Af hálfu stefndu, Reykjavíkurborgar, er haldið fram eins og áður greinir að borgin sé lögmætur eigandi umræddra muna og því sé óskylt að afhenda muni þessa.

Stefnendur kveða mál þetta höfðað til þess að fá endanlega skorið úr ágreiningi aðila og til þess að munir þeir sem krafist er afhendingar á komi til arfskipta lögum samkvæmt.

Viðurkenningar- og afhendingarkrafa máls þessa lýtur að þúsundum einstakra muna. Framsetning krafna þar sem vísað er til upptalningar í framlögðum dómsskjölum er til hagræðis og styðst við að tilgreind dómsskjöl nr. 3-6 stafa frá stefnda.

Jóhannes S. Kjarval listmálari bjó um margra ára skeið og hafði vinnustofu að Sigtúni 7, Reykjavík en hús þetta var í daglegu tali nefnt Breiðfjörðsblikksmiðja.

Á þessum stað lauk listamaðurinn löngum og afkastamiklum ferli sínum.

Á árunum 1966/67 flutti Jóhannes S. Kjarval úr Sigtúni 7, Reykjavík á Hótel Borg, þar sem hann hafði herbergi til afnota.

Á þeim tíma var heilsa hans farin að bila og kemur fram í gögnum málsins að nokkuð hafi verið um að menn notfærðu sér einsemd hans til að slá hann um fé og fjármuni. Í síðara bindi ævisögu Kjarvals sem Indriði G. Þorsteinsson skráði, segir á bls. 311-312 þar sem fjallað er um síðustu æviár hans:

„Kjarval hafði lengi átt bágð með svefn og nú sótti þessi krankleiki meira á hann eftir að þrekið tók að bila og aldursjúkdómar sóttu að honum. Á þessum erfiðleikatímum flutti hann inn á Hótel Borg.“

Um heilsufar Kjarvals á þessum tíma megi að nokkru vísa til bréfs Hannesar Péturssonar geðlæknis, dags. 14. júní 1985, en þar komi fram að listamaðurinn hafi verið til umönnunar á geðdeild Borgarspítalans frá 18. febrúar 1969 til dánardægurs en Kjarval lagðist inn á Landspítalann hinn 28. janúar 1968 og var fluttur þaðan yfir á Borgarspítalann.

Í bréfi læknisins segir:

„Jóhannes Sveinsson Kjarval vistaðist á geðdeild Borgarspítalans í Reykjavík frá 18.02.1969 og lést þar 13.04.1972. Ástæða vistunar var almennur ellihrumleiki, sem fór versnandi smám saman fram að andláti.“

Enn fremur hafa verið lögð fram gögn úr sjúkraskrá Kjarvals frá janúar 1968 til æviloka hans.

Síðari hluta árs 1968, á 83 aldursári Jóhannesar S. Kjarvals, var farið í að rýma vinnustofu hans að Sigtúni 7 en eigandi húsnæðisins þurfti að nýta það í eigin þágu.

Af gögnum má ráða að hafist hafi verið handa við að pakka niður munum sem þar voru síðari hluta októbermánaðar 1968 og við það verk hafi Jóhannes S. Kjarval notið aðstoðar ýmissa manna, aðallega Alfreðs Guðmundssonar sem síðar varð forstöðumaður Kjarvalsstaðar og fjölskyldu hans, og að einhverju leyti Ólafs Þórðarsonar, systursonar síns, auk bílstjóra sem fengnir voru til að keyra muni frá Sigtúni.

Munir þessir voru annars vegar á vinnustofunni sjálfri og hins vegar á geymslulofti fyrir ofan hana.

Mestur hluti þess sem tekið var úr vinnustofunni að Sigtúni 7 fór á Borgarskjalasafn Reykjavíkur. Eftir að Jóhannes S. Kjarval var kominn á sjúkrahús í ársbyrjun 1969 mun Sveinn Kjarval með hjálp dóttur sinnar, Maríu, hafa pakkað því niður sem þá var eftir á vinnustofunni og komið í geymslu í bátaskýli við svonefnt Kjarvalshús á Seltjarnarnesi.

Sá hluti er fór á Borgarskjalasafn er nú í vörslum Listasafns Reykjavíkur og Kjarvalsstaða en þeir munir er fóru í Kjarvalshús eru til geymslu í JL húsinu við Hringbraut í Reykjavík en þangað var mununum komið af barnabörnum listamannsins sem búa hér á landi.

Á þeim tíma sem munir listamannsins voru fluttir úr Sigtúni 7 var hvorugt barna Jóhannesar S. Kjarvals á Íslandi.

Eins og áður greinir fluttu þau með móður sinni til Danmerkur árið 1924 og bjó Aase þar til dánardægurs.

Sveinn Kjarval flutti að nýju til Íslands árið 1939 og kvæntist Guðrúnu Hjörvar Kjarval ári síðar. Þjuggu þau á Íslandi með stuttu hléi vegna náms Sveins í Danmörku á fimmta áratugnum, fram til febrúar 1970 þegar þau fluttu búferlum til Danmerkur.

Atvik voru þau að hann dvaldist hjá Aase systur sinni í Danmörku, október, nóvember og fram í desember 1968 til þess að leitast við að ná heilsu en hann hafði þá átt við veikindi að stríða um nokkurt skeið.

Eiginkona Sveins, Guðrún Kjarval, var hins vegar á Íslandi þessa haustmánuði 1968. Um aðstæður hennar og fjölskyldunnar er vísað til frásagnar sem skráð var eftir Guðrúnu hinn 22. september 2003 og liggur frammi í málinu.

Ekki hafi verið haft samráð eða samband við niðja Jóhannesar S. Kjarvals eða fjölskyldur þeirra vegna rýmingar vinnustofunnar að Sigtúni 7 haustið 1968.

Um þetta megi vísa til bréfs Ólafs Þórðarsonar, systursonar Jóhannesar S. Kjarvals, sem hann sendi Sveini Kjarval, dags. 10. nóvember 1968 en þar segir í upphafi:

„Ég held það hafi verið á þriðjud. 5/10 sem Guðrún hringdi til mín og sagði mér að pabbi þinn mundi vera að búa sig undir að hreyfa eitthvað við sínum hlutum á vinnustofunni og sagði að þú hefðir stungið uppá því að ég liti til gamla mannsins sem mér var kært-enda þótt ekkert sé hægt að ráða við hann þegar hann tekur sitt strik. Ég var á skrifstofunni á Rl. og af því það voru mánaðarmót og ég hafði ekki lokið uppgjöri-því venjulega-og Guðrún sagði að það hastaði ekki, þá fór ég ekki fyrir en miðv.d. hinn 6/10 í bæinn.“

Stefnendur telja ljóst, af minnisbókum sem Ólafur hélt, að þeir dagar sem vísað er til í bréfinu séu í nóvember en ekki október enda sé það í samræmi við önnur gögn en það sem ritað sé í reiti dagana 6. og 7. nóvember 1968 sé í samræmi við efni bréfsins sbr. ljósrit úr minnisbókinni sem fram hefur verið lögð.

Í bréfinu segir síðar þegar lýst er atburðum hinn 6. nóvember 1968:

„Áður en við fórum af vinnustofunni spurði Kj. mig hvernig mér litist á að biðja borgarsafnið að geyma dótið-ég hugsaði mig um-leit á hann og reyndi að reikna hann út – og sagði: Því ekki sortera í nýjar umbúðir og láta allt vestur í nýja húsið á einn stað þar og taka svo upp seinna – nei nei – ég þoli það ekki sagði hann. Ég sagði þá – ef þú ert ánægður með það- þá sagðist ég ekki sjá neitt á móti því - og kannski það besta við nánari athugun. Ég sá að það þýddi ekki að reyna aðra úrlausn, og hann það þreyttur og slappur að það mundi draga hann ennþá neðar að ætlast til þess að hann færi í gegnum þetta – hann hefur ekki þrótt til þess – og hvert smástykki vekur nýjar endurminningar – e.t.v. óupptekin bók eða vindlakassi frá látnum vini. Jólakaka, jólapappír etc.“

Í niðurlagi bréfsins segir:

„Og hvað þig snertir þá álít ég að þú eigir að taka þessu öllu með knúsandi ró – og mátt vera þakklátur að þurfa ekki að standa í því taugastríði að vera í þessu umróti.“

Ólafur Þórðarson hafi verið sá eini sem tengst hafi fjölskyldu Jóhannesar S. Kjarvals sem hafði bein samskipti við hann vegna rýmingar vinnustofunnar í Sigtúni haustið 1968.

Af bréfi Ólafs Þórðarsonar telja stefnendur glögglega mega ráða að hann hafi talið að Reykjavíkurborg væri einungis að taka muni þessa til geymslu í því skyni að þeir færu ekki forgörðum og vísað til samtals við Kjarval þar að lútandi. Hafi þessi afstaða hans og fengist staðfest í framburði vitnisins Jóns Þ. Ólafssonar sem kveðið hafi afstöðu föður síns, Ólafs Þórðarsonar, hafa verið þá að þetta færi til borgarinnar til geymslu.

Þá komi skýrlega fram í bréfi Ólafs til Aase, dóttur listamannsins, dags. 11. nóvember 1971, að hann telji að munirnir hafi verið afhentir til geymslu og varðveislu.

Samkvæmt bréfi Steinunnar Bjarman til Kjarvals, dags. 10. janúar 1969, hafi Lárus Blöndal, þáverandi borgarskjalavörður, falið henni að fara í gegnum og flokka muni þá sem höfðu borist úr vinnustofu Kjarvals síðustu mánuði ársins 1968:

Í bréfi Steinunnar segir:

„Í nóvember s.l. fól Lárus Blöndal borgarskjalavörður mér að fara í gegnum og flokka muni, sem bárust safninu frá yður um þær mundir. Verki þessu var hagað þannig, að tekið var úr öllum kössum, sem dótið barst í og það ryksugað, þurrkað, þvegið eða hreinsað, allt eftir því sem við átti. Dótið var síðan flokkað niður, skrásett og raðað í kassa. Kassarnir voru merktir og límdir aftur, bundið fyrir þá og þeir innsiglaðir.“

Auk mín hafa aðeins tvær hreingerningakonur farið í gegnum þetta dót og höfum við allar reynt að fara eins gætilega með það og okkur var unnt og forðast að hnýsast í sendibréf eða annað. Þessu verki er nú lokið og sendi ég yður afrit af skrá þeirri, er ég gerði er ég gekk frá dótinu. Ég vona að þér við lestur þessarar skrár komist að raun um að öllu hefir verið til skila haldið eftir því sem unnt var.“

Á skrá þeirri sem vísað sé til í bréfinu komi fram á fyrstu síðu að heildarfjöldi þeirra kassa sem innsiglaðir voru, séu 153, þar á meðal 14 kassar með skissum og 56 kassar með myndum og málverkum.

Í skránni sé listað upp í aðalatriðum hvaða munir hafi verið settir í hvern kassa. Skrá þessi hafi svohljóðandi yfirskrift:

„Skrá yfir muni Jóhannesar S. Kjarvals í Borgarskjalasafni.“

Fram komi í skýrslu Steinunnar Bjarman, dags. 12. mars 1987, svo og skýrslu hennar fyrir dómi að Jóhannes S. Kjarval hafi tekið við framangreindu bréfi og skrá úr hendi Steinunnar hinn 17. janúar 1969.

Ekki verði séð að efni bréfs Steinunnar Bjarman til Jóhannesar S. Kjarvals beri með sér að því sé beint að manni sem gefið hafi þá muni sem þar eru til umfjöllunar, heldur þvert á móti.

Þá sé beinlínis talað um muni Jóhannesar S. Kjarvals í Borgarskjalasafni í skrá þeirri sem hún vann.

Svo sem fram komi í bréfi Steinunnar Bjarman hafi kassar þeir sem hún hafi raðað munum Kjarvals í verið innsiglaðir eins og um tryggilega geymslu ætti að vera að ræða.

Hvergi sé í þessum gögnum minnst á að um gjöf sé að ræða.

Tilgreint bréf og skrá Steinunnar séu einu samtímaskjölin er stafi frá stefnda varðandi muni þá sem teknir voru af vinnustofunni Sigtúni 7. Þetta séu jafnframt einu skjölin sem stafi frá stefnda sem beint hafi verið að listamanninum eftir að tilgreindir munir voru komnir í vörslur stefnda.

Í minnisblaði Baldurs Guðlaugssonar hrl., dags. 21. september 1982, sem fenginn hafi verið til að vinna fyrir erfingja Jóhannesar S. Kjarvals og Sveins Kjarvals, hafi lögmaðurinn eftir Guðrúnu Kjarval að hún hafi hringt í Geir Hallgrímsson, þáverandi borgarstjóra, eftir að hafa fregnað að verið væri að flytja muni Kjarvals í Borgarskjalasafnið og hafi komið fram hjá Geir að verið væri að taka munina í varðveislu.

Ljóst sýnist að þetta samtali hafi átt sér stað í nóvember 1968 skömmu eftir að Guðrún hafði fengið fregnir af flutningum.

Fyrir liggi að stefnda, Reykjavíkurborg, hafi ekki gjafabréf eða önnur skilríki fyrir meintum eignarrétti á þeim munum sem borgin hafi fengið vörslur á um haustið 1968 og upphaflega verið fluttir í Borgarskjalasafn Reykjavíkur.

Ekkert hafi verið bókað um meinta gjöf Jóhannesar S. Kjarvals í fundargerðum borgarstjórnar eða borgarráðs eða hún með neinum hætti skráð sem eign borgarinnar.

Í Morgunblaðinu hinn 2. nóvember 1971 hafi verið umfjöllun um að Reykjavíkurborg hefði fengið gjöf frá Jóhannesi S. Kjarval en þar segi í upphafi:

„Jóhannes S. Kjarval, listmálari, hefur gefið Reykjavíkurborg stórt safn teikninga. Páll Línadal borgarlögmaður, tjáði Mbl. í gær að ekki lægi fyrir hversu mikið þetta safn væri að vöxtum en unnið er nú að röðun teikninganna og fleira í sambandi við þær.“

Í greininni sé ekki tekið fram hvenær umtöluð gjöf hafi verið gefin. Í Morgunblaðinu 3. nóvember 1971 hafi birst myndir af þremur verkum Kjarvals og

sagt að myndirnar hafi Kjarval gefið borginni haustið 1968.

Ekki sé ljóst um tildrög þessarar umfjöllunar á þessu tímamarki en af upplýsingum um heilsufar Jóhannesar S. Kjarvals á þessum tíma megi ljóst vera hann hafi ekki getað gert sér grein fyrir þýðingu hennar hafi hún yfirleitt borist honum.

Engin gögn hafi komið fram á tímabilinu 1968 til 1982 þar sem fram komi staðhæfingar af hálfu Reykjavíkurborgar eða fyrirsvarsmanna hennar um það með hvaða hætti gjafayfirlýsing hafi verið gefin. Þannig hafi á þessu tímabili ekki legið ljóst fyrir hvort Reykjavíkurborg hefði í förum sínum gjafabréf sem stafaði frá Jóhnesi S. Kjarval.

Af framlögðum gögnum megi ráða að niðjar Jóhannesar S. Kjarvals hafi fljótlega eftir að einkaskiptum á dánarbúi Jóhannesar S. Kjarvals lauk, árið 1973, litið svo á að Reykjavíkurborg væri ekki lögmætur eigandi þeirra muna sem komust í vörslur borgarinnar haustið 1968.

Um það efni megi vísa til þess að Sveinn Kjarval hafi haustið 1975 boðað til opinbers blaðamannafundar þar sem hann hafi látið þessa skoðun sína í ljós.

Um þetta megi einnig vísa til bréfs Sveins Kjarvals til sonar síns, Jóhannesar, dags. 28. desember 1976, og umboðs, dagsetts sama dag.

Á næstu árum hafi Sveinn leitað til að minnsta kosti tveggja lögmanna vegna þessara mála.

Hinn 7. janúar 1981 undirritaði Aase Kjarval Lökken, systir Sveins, umboð til hans þar sem hún veitti honum heimild til þess að koma fram fyrir sína hönd varðandi arfsmálefni eftir föður sinn. Sveinn Kjarval hafi látist í febrúar 1981 og því ekki auðnast aldur til þess að leita leiðréttingar mála gagnvart stefnda, Reykjavíkurborg.

Af þessu megi ráða að niðjar Kjarvals hafi alls ekki verið sáttir við fullyrðingar stefnda um að Kjarval hafi gefið borginni þá muni sem fóru í vörslur hennar haustið 1968.

Hafi það enn frekar verið staðfest í samtölum við afkomendur barna Kjarvals að mál þetta hafi lagst mjög þungt á bæði Svein og Aase og að þau hafi talið sig órétti beitt svo sem einnig komi fram í framburði fjögurra barna Sveins, Hrafnhildar Tove, Jóhannesar, Kolbrúnar og Ingimundar, fyrir dómi.

Eftir fráfall Sveins, með atbeina Guðmundar Axelssonar, listverkasala í Klausturhólum, hafi Baldur Guðlaugsson lögmaður verið fenginn til þess að kanna réttarstöðu erfingja Jóhannesar S. Kjarvals og Sveins Kjarvals varðandi umrædda muni sem voru í vörslum stefnda, Reykjavíkurborgar.

Vegna sjónarmiða sem virðast hafa komið fram við þessa athugun lögmansins og bærust til Reykjavíkurborgar, hafi verið haldinn fundur um málið á skrifstofu borgarstjórans í Reykjavík hinn 5. ágúst 1982 þar sem viðstaddir voru Davíð Oddsson, þáverandi borgarstjóri, Geir Hallgrímsson, fyrrverandi borgarstjóri, Jón G. Tómasson þáverandi borgarlögmaður, og Alfreð Guðmundsson fyrrverandi forstöðumaður Kjarvalsstaða.

Minnisblað um þennan fund liggja frammi í málinu, staðfest með upphafsstöfunum DO sem standi fyrir nafn þáverandi borgarstjóra, Davíðs Oddssonar. Skjal þetta sé fyrsta skriflega gagnið sem stafi frá stefnda þar sem fjallað sé um á hvaða grundvelli borgin telji til eignarréttar yfir munum þeim sem mál þetta varðar.

Tilfni fundarins sé lýst í upphafi þannig að erfingjar Jóhannesar S. Kjarvals og erfingjar Sveins Kjarvals hafi með atbeina Guðmundar Axelssonar, listaverkasala í Klausturhólum, leitað til lögmanns til þess að sýna fram á að Reykjavíkurborg hefði ekki fengið málverk, teikningar og aðra muni að gjöf frá Kjarval heldur hafi einungis verið um það að ræða munir þessir hafi verið teknir til varðveislu.

Í minnisblaðinu sé eftirfarandi haft eftir Geir Hallgrímssyni:

„Geir Hallgrímsson sagði, að þessar myndir ásamt fleiri munum hefði verið afhent sér af Kjarval hinn 7. nóvember 1968, að tilhlutan Kjarvals. Enginn vafi sé á því í sínum huga, að þar hafi verið um að ræða gjöf til borgarinnar, ekki háð annarri kvöð en þeirri, að borgin léti gera við myndirnar og hefði þær til sýnis í húsakynnum sínum.“

Í þessum orðum Geirs komi ekki fram bein fullyrðing um meinta munnlega gjafayfirlýsingu Jóhannesar S. Kjarvals heldur virðist fremur um að ræða ályktun hans um að það að borgin tæki að sér vörslur munanna fæli í sér að um gjöf væri að ræða.

Í minnisblaðinu sé ekkert haft eftir Alfreð Guðmundssyni um hans afstöðu eða vitneskju um tilurð meints eignarhalds borgarinnar.

Fram komi að borgarlögmaður telji að sönnunarbyrði hvíli á erfingjum og þar myndi vega þungt að ekki hefði verið hreyft við málinu fyrr en tæpum tíu árum eftir ræðu Birgis Ísleifs Gunnarssonar, fyrrverandi borgarstjóra, við opnun Kjarvalsstaða. En í sýningarskrá sem greini frá opnuninni hafi ræða hans birst og í henni hafi verið gefið til kynna að borgin hefði eignast öll þau verk sem um ræðir. Þá er vísað til þess að í ræðu Halldórs Laxness við opnunina hafi einnig verið tekið fram að borgin hafi fengið myndir „ánafnaðar“ áður en Kjarval lést.

Í minnisblaðinu segi í framhaldi af umfjöllun um ræðu Halldórs Laxness:

„Einhvern veginn hefur hann, þessi þekkti vinur Kjarvals haft vísbendingu um það. Þetta hefur Baldur Guðlaugsson sennilega ekki athugað.“

Sú ályktun sem virðist dregin af umfjöllun í ræðu Halldórs Laxness um meinta gjöf fái ekki staðist enda hefði þegar á þessum tíma birst frétt um þetta í Morgunblaðinu eins og áður greinir auk þess sem skáldið gæti að sjálfsögðu hafa fengið upplýsingar um „gjöfina“ hjá Reykjavíkurborg. Miðað við atvik í lok árs 1968 og í upphafi árs 1969 og heilsufar Kjarvals þessum tíma sýnist harla ólíklegt að Halldór Laxness hafi fengið upplýsingar um þetta frá Kjarval sjálfum.

Þá verði ekki annað ályktað af þessum orðum en að þegar fundurinn hafi verið haldinn hafi fundarmönnum verið kunnugt um niðurstöðu eða afstöðu Baldurs sem væru ekki í samræmi við sjónarmið Reykjavíkurborgar í þá veru að um gjöf væri að

ræða.

Í lok minnisblaðsins sé eftirfarandi skráð:

„Ákveðið var að Geir reyndi að ná sambandi við Ragnar í Smára, sem nú er á spítala, og jafnframt við Halldór Laxness til að fá staðfestingu þeirra.

Að öðru leyti var ákveðið að borgarlögmaður hefði nú samband við Baldur Guðlaugsson og fengi upplýst hvaða gögn hann er með í málinu og kannaði til þrautar öll þau gögn, sem finnanleg væru á skjalasafni borgarinnar.“

Handritað er á minnisblaðið eftirfarandi:

„Fundur 20/9 '82 með Baldri Guðlaugssyni hrl.

Menn samdóma um að nú væru komin fram þau gögn sem líklegt væri að finnanleg væru. Baldur sagðist myndu kynna skjólstæðingum sínum stöðu málsins og láta síðan borgina vita um framhaldið.“

Undir handritaða textann séu einnig settir upphafsstafrirnir DO til staðfestingar.

Samantekt Baldurs Guðlaugssonar lögmanss komi fram í minnisblaði sem er dagsett 21. september 1982, daginn eftir framangreindan fund með borgarstjóra. Hafi því væntanlega þau gögn og upplýsingar sem vísað er til af lögmanninum legið fyrir á fundinum með borgarstjóra.

Í upphafi er gerð grein fyrir þeim gögnum sem hann kannaði og við hverja hann hafði haft samband vegna málsins.

Hvorki hafi verið haft samband við Halldór Laxness né Ragnar í Smára sem vísað hefði verið til á fundinum 5. ágúst 1982.

Þá hafi komið fram að ekki séu til neinar staðfestingar frá tilgreindum aðilum í samræmi við þá fyrirætlan sem lýst sé í minnisblaðinu frá fundinum hinn 5. ágúst 1982.

Samkvæmt samantekt lögmanssins byggir Reykjavíkurborg eignarhald sitt á því að eignaryfirlýsing til borgarinnar hafi farið fram með munnlegri gjafayfirlýsingu Kjarvals til borgarstjóra hinn 7. nóvember 1968.

Hafi nú svo borið við að til sönnunar þeirri fullyrðingu hafi verið lagt fram skriflegt vottorð Alfreðs Guðmundssonar staðfest með upphafsstöfum, dags. 18. september 1982, svohljóðandi:

„Ég var viðstaddur 7. nóvember 1968 í Sigtúni 7, þegar Jóh. S. Kjarval tilkynnti Geir Hallgrímssyni formlega um gjöf sína til Reykjavíkurborgar. Ég boðaði Geir á staðinn að ósk Kjarvals, sem áður hafði sagt mér, að hann ætlaði að afhenda Reykjavíkurborg myndverk og aðra muni að gjöf.“

Ekki verði séð að Geir Hallgrímsson hafi sjálfur getað staðfest slíka formlega yfirlýsingu, hvorki á fundinum hinn 5. ágúst 1982 né í samtölum við lögmanninn.

Í samantektinni sé eftirfarandi haft eftir Geir Hallgrímssyni:

„Geir Hallgrímsson, þáverandi borgarstjóri, segist sannfærður um að um gjöf hafi verið að ræða, en man ekki eftir því hvernig þetta bar að. Geir segir að J. Kj. hafi verið umhugað um að verk hans og munir dreifðust ekki meira en orðið var og hafi hann því viljað að Reykjavíkurborg eignaðist umrædda muni og varðveitti að Kjarvalsstöðum sem honum hafi verið hjartfólgni. Geir taldi að J. Kj. hefði ekki viljað að skýrt yrði frá gjöfinni opinberlega og því hefði ekki einu sinni verið bókað um þetta í fundargerðir borgarráðs þar sem slíkar fundargerðir væru opinberar.“

Í þessari samantekt komi ekki fram nein fullyrðing af hálfu Geirs Hallgrímssonar um munnlega gjafafirlýsingu Jóhannesar S. Kjarvals hinn 7. nóvember 1968.

Þá verði vart séð hvernig fullyrðing Geirs um að Jóhannes S. Kjarval hafi ekki viljað að „gjöfin“ yrði gerð opinber fái samrýmst umfjöllun þeirri sem birst hafi í Morgunblaðinu í byrjun nóvember 1971.

Niðurstaða Baldurs Guðlaugssonar lögmanns hafi verið sú að hann teldi líkur til þess að dómstólar teldu fullsannað að Jóhannes S. Sveinsson hefði gefið og afhent Reykjavíkurborg umrædda muni hinn 7. nóvember 1968. Þá hafi hann talið mögulegt að Reykjavíkurborg hefði hefðað eignarrétt teldist sönnun um gjafagerninginn ekki hafa tekist.

Að mati stefnanda fær sú niðurstaða sem lögmaðurinn kemst að ekki staðist enda með öllu óljóst á hvaða forsendum unnt sé að leggja til grundvallar fullyrðingar gjafþegans um þessi efni.

Samkvæmt gögnum sem aflað hafi verið hafi það næst verið í bréfi Þóru Kristjánsdóttur, fyrrverandi listráðunauts Kjarvalsstaða, dags. 4. nóvember 1985, til borgarráðs Reykjavíkur, þar sem umræddir munir hafi verið til umfjöllunar af hálfu Reykjavíkurborgar en þar segi í upphafi:

„Á fundi stjórnar Kjarvalsstaða 1. nóvember 1985 var rætt um Kjarvalssafn Reykjavíkurborgar.

Tilfnið er hið mikla safn teikninga, bréfa, bóka og persónulegra muna, sem Kjarval ánafnaði Reykjavíkurborg 1968, og geymt hefur verið í innsigliðum kössum á Korpúlfstöðum þar til í sumar, er það var flutt á Kjarvalsstaði og lauslega kannað. Örlítill hluti þessarar gjafar er nú á sýningunni á Kjarval/aldarminning á Kjarvalsstöðum, en megnið er óskráð og bíður frekari rannsókna og viðgerða í kjallara Kjarvalsstaða.“

Í framhaldi þessa hafi Steinunn Bjarman verið fengin til þess að vinna skráningu þessara muna og hafi sú vinna staðið árin 1985, 1986 og 1987.

Um meðferð þeirra muna sem Reykjavíkurborg hafi fengið í vörslur sínar síðustu mánuði ársins 1968 megi vísa til skýrslu Steinunnar Bjarman dags. 12. mars 1987 og framburðar hennar fyrir dómi.

Um forsögu málsins segi Steinunn í upphafskafla skýrslunnar:

„Það mun hafa verið seinni hluta október 1968 að tók eftir því að á einum gangi Borgarskjalasafns voru tveir eða þrír kassar af ýmis konar dóti og ofan á þeim lágu hattar og þóttist ég þekkja Kjarvalshatta. Það gafst ekki ráðrúm til þess að kanna hvernig á þessu stæði því óvenju mikið var að gera á skjalasafninu þessa dagana. Borgarskjalavörður var þá Lárus H. Blöndal og hafði hann tekið við því starfi haustið áður af Lárusi Sigurbjörnssyni. Fljótlega bárust til safnsins fleiri kassar líkir þeim sem ég hafði áður séð. Lárus H. Blöndal sagði mér þá að þeir væru frá Jóhannesi Sveinssyni Kjarval og óskaði Lárus eftir því að ég tæki það að mér næstu vikur að kanna hvað í þessum kössum væri og ganga frá innihaldinu í geymslu.“

Síðar segi:

„Kassarnir sem dótið kom í voru af öllu tagi og yfirleitt illa farnir. Ég pantaði því nýja kassa og síðan hófst flokkunin 6. nóvember 1968.“

Samkvæmt þessu megi ljóst vera að Steinunn hafi þegar fengið fyrirmæli og hafist handa við frágang muna í eigu Jóhannesar S. Kjarvals fyrir 7. nóvember 1968.

Fram kemur að Steinunn hafi tekið við kössum Kjarvals fram í desember 1968 og frágangi síðustu sendingarinnar hafi verið lokið hinn 18. desember það ár. Samkvæmt því hafi munir Kjarvals borist til Borgarskjalasafns frá lokum októbermánaðar 1968 fram í desember.

Eftir áramótin 1968/1969 hafi hún vélritað skrá um munina og afhent Kjarval ásamt bréfi svo sem áður hefur verið rakið.

Hinn 17. mars 1969 hafi Kjarvalsmunum verið raðað upp í skjalasafninu og hafi þeir verið þar fram til 7. júlí 1970, þegar kassarnir hafi verið fluttir í geymslu á Korpúlfsstöðum.

Ekkert hafi verið átt við kassa þessa, sem merktir voru „Myndir og málverk“, fyrir en sumarið 1971 þegar þeir hafi verið teknir upp og innihald þeirra skoðað

Fram komi í skýrslunni að Steinunn hafi ekki komið frekar að þessu máli fyrir en árið 1985 þegar hún hafi verið fengin til að fara í gegnum þá kassa af Kjarvalsmunum sem hún hafði gengið frá í nóvember og desember 1968.

Samkvæmt skráningu Steinunnar sem hún hafi unnið á árabílinu 1985-86 hafi myndir eða myndverk sem bárust úr Sigtúni 7 á framangreindu tímabili talist vera 5.062.

Af hálfu afkomenda Jóhannesar S. Kjarvals hafi ekki verið hreyft við þessu máli að nýju fyrir en á árinu 2000 þegar Ingimundur Kjarval, sonur Sveins Kjarvals og Guðrúnar Kjarvals, hafi ráðið lögmann til þess að kanna réttarstöðu fjölskyldunnar hvað varði muni þessa.

Hafi lögmaðurinn af því tilefni beint fyrirspurn til borgarlögmanns um það á hvaða grundvelli borgin byggði meintan eignarrétt sinn.

Í tilefni af því hafi Eiríkur Þorláksson, forstöðumaður Kjarvalsstaða, leitað til skjalasafns Reykjavíkurborgar. Af bréfi, dagsettu 16. maí 2001, verði ekki annað ráðið en að meðal embættismanna stefnda, Reykjavíkurborgar, hafi verið gengið út frá því að Geir Hallgrímsson, þáverandi borgarstjóri, hafi fengið afhent gjafabréf árið 1968.

Í bréfi Hjörleifs Kvaran, þáverandi borgarlögmans, dagsettu 22. október 2001, til Ingimundar Kjarvals, komi fram að Reykjavíkurborg gangi ekki eftir gjafabréfum frá listamönnum sem gefi borginni listaverk og slíkt þyki óviðeigandi.

Skýring þessi er væntanlega sett fram til stuðnings því að eðlilegt hafi verið af hálfu Reykjavíkurborgar að ganga ekki eftir skjallegri staðfestingu frá Jóhannesi S. Kjarval um meinta gjöf.

Hvorki komi fram í minnisblaði um fund á borgarstjóráskrifstofu hinn 5. ágúst 1982 né í samantekt Baldurs Guðlaugssonar hrl., dags. 21. september 1982, þar sem fjallað sé um upplýsingar eða skýringar frá Geir Hallgrímssyni, fyrrverandi borgarstjóra, um ástæður þess að hann gekk ekki eftir því við Jóhannes S. Kjarval hinn 7. nóvember 1968 að hann staðfesti gjöf sína skriflega.

Atvik þessa máls hljóti um margt að teljast einstæð, þó ekki væri nema fyrir fjölda og verðmæti þeirra verka sem um ræði, auk þess sem um nánast allar eigur listmannsins var að ræða.

Við mat á sönnunarstöðu hljóti að verða að líta til þess að listamaðurinn hafi á þeim tíma sem um ræðir verið farinn að finna til verulegs ellihrumleika og því enn ríkari ástæða til þess að gengið væri frá málum með formlegum og öruggum hætti þannig að ekki gæti verið vafi um vilja og tilgang hans með þeim ráðstöfunum sem framkvæmdar voru.

Sú skýring að Jóhannesi S. Kjarval kunni að hafa þótt óviðeigandi eða viðurhlutamikið að gefa frá sér skriflegar yfirlýsingar um vilja sinn og fyrirætlanir, hljóti að teljast langsóttar.

Benda megi á að í september 1966 hafi Jóhannes S. Kjarval ritað gjafabréf vegna jarðarinnar Einarslóns á Snæfellsnesi sem hann hafði eignast með afsali 1945. Þá komi fram á bls. 311 í 2. bindi ævisögu Kjarvals að haustið 1968 hafi Kjarval skrifað Birni, eiganda Ketilsstaða í Hjaltastaðapínghá, þar sem Kjarval hafði byggt sér lítið hús í svokölluðum Hvammi, svohljóðandi bréf:

„Hérmeð sendi ég þér í þessu bréfi kærar kveðjur og lykilinn að Hvammi. Þó enginn lækur ljóðaði er Hvammurinn glaður og góður. Verið þið sæl og blessuð öll börn og Björn.“

Af þessu verði ekki ráðið að Kjarval hafi þótt óviðeigandi eða viðurhlutamikið að tjá sig með skriflegum hætti um ráðstafanir sem hann gerði með eigur sínar.

Á því er byggt af hálfu stefnanda að sönnunarbyrði um gjafagerning og efni hans hvíli á meintum gjafþega. Þannig beri að leggja til grundvallar í málinu að stefnda, Reykjavíkurborg, hafi sönnunarbyrði fyrir því að Jóhannes S. Kjarval listmálari

hafi með munnlegri yfirlýsingu hinn 7. nóvember 1968 lýst því yfir með bindandi og endanlegum hætti að munir þeir sem þá voru á vinnustofu hans að Sigtúni 7 og þeir sem áður höfðu verið fluttir úr henni, skyldu verða eign Reykjavíkurborgar án endurgjalds.

Með vísan til umfjöllunar hér að fram og framlagðra gagna hljóti að teljast fjarri lagi að Reykjavíkurborg hafi tekist að sanna tilvist slíkrar yfirlýsingar enda geti fullyrðingar fyrirsvarsmanna og starfsmanna gjafþegans sjálfs ekki talist fullnægjandi sönnunargögn um þessi efni. Önnur gögn styðji eigi heldur fullyrðingar í þá veru. Engin marktæk sönnunargögn séu til staðar sem sanni eða staðfesti fullyrðingar stefnda, Reykjavíkurborgar, um eignarrétt þeirra.

Rík skylda hafi hvílt á stefnda, Reykjavíkurborg, sem opinberum aðila að ganga tryggilega úr skugga um og láta staðfesta með skriflegum hætti hver væri tilgangur eigandans, Jóhannesar S. Kjarvals, með því að láta borginni vörslur tilgreindra muna í té. Þessi skylda hafi verið sérstaklega brýn þar sem um nálega allar eigur listamannsins hafi verið að ræða og kunnugt hafi verið að hann hafi átt skylduerfingja á lífi auk þess sem, vegna aldurs og heilsufars, full þörf hafi verið á að gengið yrði frá gerningi með formlegum hætti.

Byggt sé sérstaklega á því að þau samtímagögn sem til séu frá þeim tíma þegar vörsluskipti urðu, styðji alls ekki fullyrðingar stefnda heldur þvert á móti eins og rakið hafi verið. Mikilvægast í þeim efnum sé að skjöl þau sem beint hafi verið að Kjarval sjálfum frá Steinunni Bjarman og borist hafi til hans fjalli ekki að neinu leyti um yfirfærslu eignarréttar eða gjöf heldur styðji þau þvert á móti að munirnir hafi verið teknir til geymslu.

Í gögnum máls þessa hafi því verið hreyft að stefndi, Reykjavíkurborg, kunní að hafa hefðað eignarrétt að munum þeim sem komist hafi í vörslur borgarinnar haustið 1968 ef ekki yrði talið sannað að um gjöf hafi verið að ræða í öndverðu.

Um þetta er í fyrsta lagi vísað til þess að af hálfu Reykjavíkurborgar í svörum til stefnanda hafi ekki verið byggt á hefð enda vart við hæfi að opinber aðili haldi slíku fram gagnvart erfingjum og dánarbúi.

Á því er einnig byggt af hálfu stefnanda að hefðun geti ekki komið til álita þegar af þeirri ástæðu að samkvæmt 3. mgr. 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 geta umráð sem koma til vegna geymslu ekki heimilað hefð.

Fyrir liggi í máli þessu að ef ekki sé sannað að um gjöf hafi verið að ræða, geti afhending tilgreindra muna ekki hafa verið nema til geymslu.

Þá er einnig byggt á því að Reykjavíkurborg geti ekki talist uppfylla huglæg skilyrði til hefðar enda a.m.k. ljóst að forsvarsmönnum stefnda hafi verið eða mátt vera kunnugt um afstöðu erfingja áður en hefðunartími gat fyrst verið liðinn.

Tómlæti geti með öðrum hætti en hefð ekki leitt til yfirfærslu eignarréttar og skipti því eigi máli hversu langur tími sé liðinn frá því afhending hafi átt sér stað.

Samkvæmt framangreindu er á því byggt að dánarbú Jóhannesar S. Kjarvals sé enn lögmætur eigandi þeirra muna sem voru teknir af vinnustofu hans að Sigtúni 7,

Reykjavík í október fram í desember 1968 og nú eru í vörslum stefndu. Því beri að fallast á kröfur stefnanda um viðurkenningu eignarréttar og afhendingu munanna enda sé rétt og skylt að þeir komi til skipta úr dánarbúinu þannig að lögmæt og vafalaus eignayfirfærsla geti farið fram, þar sem meðal annars yrðu staðin skil á lögmæltum erfðafjárskatti vegna hennar.

Um aðild stefnanda er vísað til laga nr. 20/1991, sbr. sérstaklega 2. gr., 85. gr. og 2. mgr. 95. gr. sbr. og 155. gr. Vísað er einnig til erfðalaga nr. 8/1962.

Stefnandi byggir kröfur sínar á almennum reglum eignarréttar og rétti eiganda til varslna.

Vísað er til almennra reglna samningaréttar um gjafaloforð og sönnun þeirra.

Vísað er til laga nr. 46/1905 um hefð.

Um viðurkenningarkröfu stefnanda er vísað til 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Dagsektakrafa styðst við 4. mgr. 19. gr. laga nr. 20/1991 og meginreglu ákvæðsins og fordæmi í málum þegar krafist er efnda á skyldu um annað en peningagreiðslu.

Málskostnaðarkrafa stefnanda styðst við 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 50/1988 og ber því nauðsyn til að tekið verði tillit til skattsins við ákvörðun málskostnaðar.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að Reykjavíkurborg sé réttilega eigandi að munum þeim sem stefnandi gerir kröfu um að fá afhenta og taldir eru upp í dskj. 3-6. Gjöfin hafi verið gefin og við henni tekið á fundi Kjarvals og þáverandi borgarstjóra, Geirs Hallgrímssonar, kl. 14:00 hinn 7. nóvember 1968, sbr. dagbók vitnisins Guðmundar Alfreðssonar og skýrslu hans hér fyrir dómi þar sem fram komi að hann hafi verið viðstaddur fundinn 7. nóvember 1968. Um hafi verið að ræða munnlegan gjafagerning en af stefnu megi ráða að stefnandi byggi málalíbúnað sinn að einhverju leyti á því að hann efist um að gerningurinn hafi átt sér stað og að það sé í sjálfu sér nægileg stoð undir afhendingarkröfu hans, nú tæpum 40 árum síðar. Slík krafa og málalíbúnaður eigi sér fráleitt nokkra stoð í íslenskum rétti enda sé munnlegur gjafagerningur jafngildur skriflegum samkvæmt íslenskum rétti. Geir Hallgrímsson sé látinn en frásögn hans liggi fyrir, sbr. minnisblað Davíðs Oddssonar, þáverandi borgarstjóra, og skýrslu Baldurs Guðlaugssonar frá 21. september 1982 sem og skýrslu vitnisins Guðmundar Alfreðssonar, sem verið hafi vitni að gjafagerningnum. Hljóti það að vera stefnanda að sanna að eitthvað annað hafi gerst á þessum fundi í Sigtúni 7 en þessar frásagnir greini frá.

Í þessu sambandi vekur stefndi athygli á að þessi gjöf, byggð á munnlegum gjafagerningi, sé ekkert einsdæmi. Stefndi hafi í fleiri tilvikum tekið við stórum listaverkagjöfum á grundvelli munnlegrar gjafayfirlýsingar. Megi þar til dæmis nefna að Erró hafi gefið Reykjavíkurborg umfangsmikla gjöf 1989. Fyrst árið 1994 hafi Erró skrifað undir gjafayfirlýsingu og staðfest gjöfina 1989 og að hún nái

einnig til verka sem hann hafi afhent Reykjavíkurborg eftir það. Þá skrifi Erró undir ítarlegan gjafagerning árið 2001 þar sem hann staðfesti fyrri gjöf og gjafir sem og þær sem síðar kunni að berast Reykjavíkurborg.

Stefnandi virðist og mikið til byggja málatilbúnað sinn á bréfi systursonar Kjarvals, Ólafs Þórðarsonar, frá 11. október 1971, þar sem fram komi að hann hafi álitnið að ekki hafi verið um gjöf að ræða, en Reykjavíkurborg þess í stað tekið að sér að geyma munina. Fyrir liggir að Ólafur Þórðarson hafi ekki verið viðstaddur gjafagerninginn. Í bréfi Ólafs, dagsettu 10. október 1968, sem að sögn stefnanda eigi að vera 10. nóvember, komi fram að hann hafi ekki komið í vinnustofu Kjarvals fyrr en rétt fyrir kl. 14:30, þegar gerningurinn var yfirstaðinn. Hafi Ólafur því ekki verið vitni að því sem fram fór milli Kjarvals og borgarstjóra kl. 14:00 og verði þar af leiðandi ekki byggt á því sem hann hafi talið að gerst hefði rétt áður en hann kom. Alfreð Guðmundsson hafi verið viðstaddur við upphaf fundarins þegar Kjarval hafi gefið yfirlýsingu um gjöfina, og liggir yfirlýsing hans, dagsett 18. september 1968, um það sem gerðist á þessum fundi fyrir í málinu. Að auki liggir fyrir samtímaheimild um það sem þarna gerðist en það er dagbókarfærsla sonar Alfreðs, Guðmundar Alfreðssonar lögfræðings, um að þennan dag hafi Kjarval gefið Reykjavíkurborg verk sín og muni en Guðmundur hefði fylgst með vinnu undanfarinna vikna við að pakka niður munum Kjarvals. Hafi Guðmundur komið fyrir dóminn og staðfest frásögn sína og skýrt frá því að hann hefði verið viðstaddur fundinn og að Kjarval hafi gefið borginni muni þá sem um er deilt hér.

Stefnandi virðist jafnframt byggja málatilbúnað sinn á því að bréf Steinunnar Bjarman, dags. 17. janúar 1969, til Jóhannesar S. Kjarvals, beri það ekki með sér að um gjöf hafi verið að ræða heldur hið gagnstæða. Auðsætt sé að ekkert í bréfinu styðji þá ályktun stefnanda. Í bréfinu sé rakið með hvaða hætti hafi verið búið um hlutina af hálfu safnsins og beri bréfið ekki annað með sér en að Reykjavíkurborg hafi viljað upplýsa gefandann um að vel hafi verið að gjöf hans búið. Stefndi vekur einnig athygli á að í frásögn Steinunnar af fundi hennar og Kjarvals þegar hún afhenti honum bréfið ásamt meðfylgjandi skrá, komi fram að Kjarval hafi í fyrstu færst undan því að taka við skránni og sagt að „sér kæmi þetta dót ekki við lengur og annað í þeim dúr“. Megi af þeirri lýsingu ráða að Kjarval hafi litið svo á að þessir munir væru ekki hans eign lengur.

Stefndi hafi alla tíð, alveg frá upphafi, umgengist gjöf Kjarvals sem sína eign og kappkostað að veita henni þann heiður og umbúnað sem hún eigi skilið. Þannig hafi strax verið ráðist í að búa um hana í viðunandi kössum og skrá innihaldið. Mikil vinna og kostnaður hafi verið lögð í skráningu, forvörslu og viðgerðir á verkum og munum. Strax árið 1971 hafi stefndi ráðið Frank Ponzi listfræðing til að sinna viðgerðum og uppsetningu á Kjarvalsmyndum úr Kjarvalsgjöf. Í minnisblaði Baldurs Guðlaugssonar hdl., lögmanns erfingja Kjarvals, komi fram að í samtali við Lárus Blöndal, þáverandi borgarskjalavörð, hafi Lárus sagt að hann hefði aldrei ráðist í jafnmikla vinnu við skráningu og flokkun munanna ef hann hefði ekki álitnið þá vera eign borgarinnar. Í þessu sambandi verði að hafa í huga hlutverk Borgarskjalasafns sem héraðsskjalasafns en safnið hafi tekið gjöfina til varðveislu. Með lögum nr. 7/1947 um héraðsskjalasöfn sé sýslunefndum og bæjarstjórnnum heimilað að varðveita sjálfar skjöl og bækur. Með reglugerð nr. 61/1951 um héraðsskjalasöfn sé kveðið nánar á um hvað varðveitt skuli í þeim. Sé ekki gert ráð fyrir að héraðsskjalasöfn varðveiti önnur skjöl og gögn en þau sem stafi frá skilaskyldum aðilum, sem séu embætti og stofnanir sem hafi afmarkað starfssvið

og starfi eingöngu innan þeirra sýslna eða þess kaupstaðar sem héraðsskjalasafnið taki til, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðarinnar. Í reglugerðinni hafi ekki verið gert ráð fyrir að héraðsskjalasöfn tækju við skjölum og gögnum til geymslu heldur skyldu þau varðveita þau í merkingunni „eiga og varðveita“, sbr. 8. gr. reglugerðarinnar.

Í samræmi við hlutverk Borgarskjalasafns, að taka við og varðveita skjöl og muni Reykjavíkurborgar, hafi Borgarskjalasafn tekið við gjöf Kjarvals enda hafði þá ekki verið stofnað neitt listasafn. Fullkomlega fráleitt sé að halda því fram að Borgarskjalasafnið, sem þá bjó við mjög þröngan húsakost með yfirfullar geymslur, hafi tekið að sér að geyma muni Kjarvals sem töldu 153 kassa, í merkingunni „geyma muni þriðja aðila“ þegar hlutverk þess hafi ekki verið að taka muni til geymslu heldur að taka við munum til varðveislu, sbr. það sem að framan segir. Í frásögn stefnanda, Guðrúnar Kjarval, af símtali við Geir Hallgrímsson, þáverandi borgarstjóra, komi fram að hann hafi tjáð henni að verið væri að taka munina til varðveislu. Er hugtakanotkun lögfræðingsins Geirs Hallgrímssonar í fullu samræmi við hugtakanotkun í lögum nr. 7/1947 um héraðsskjalasöfn og reglugerð nr. 61/1951 um héraðsskjalasöfn en þar sé hugtakið varðveisla notað yfir það að varðveita eignir sýslunefnda og bæjarstjórna. Styðji þessi frásögn því á engan hátt þá skoðun stefnanda að Reykjavíkurborg hafi tekið við munum Kjarvals til geymslu.

Þegar Kjarval hafi gefið Reykjavíkurborg safn verka sinna og muna hafi hann verið orðinn aldraður maður, heilsan tekin að bila og sennilega hafi hann vitað að hverju stefndi. Hafi það verið fyllilega eðlileg ákvörðun af Kjarvals hálfu, í því skyni að tryggja að safnið færi ekki á við og dreif og lífsstarf hans myndi þannig glatast, að gefa það Reykjavíkurborg. Það hafi ekki mörgum verið til að dreifa sem gætu varðveitt, viðhaldið og sýnt ævistarfi hans þann sóma sem metnaður mikils listamanns hlaut að krefjast. Hafi það væntanlega ekki verið aðrir en Listasafn Íslands og Reykjavíkurborg sem hafi getað uppfyllt þær skyldur sem slík eign leggur á herðar gjafþegum. Þegar gjafagerningurinn hafi átt sér stað 1968 hafi Kjarvalsstaðir verið í byggingu og fyrirsjáanlegt að þar yrði sýningaraðstaða fyrir verkin. Kjarval hafi stutt ákvörðunina um að Kjarvalsstaðir yrðu reistir, m.a. með því að gefa mynd í fjáröflunarhappdrætti, og fyrir lá að önnur sýningarálman skyldi sérstaklega ætluð undir sýningar á verkum Kjarvals. Kjarval hafi jafnframt tekið fyrstu skóflustungu að Kjarvalsstöðum. Stefndi hefði sýnt í verki hversu mikils hann mat Kjarval og ævistarf hans og því hafi hann mátt vænta þess að vel yrði að lífsstarfi hans búið sem og að nafni hans yrði haldið á lofti um ókomna tíð. Að auki hafði Reykjavíkurborg sýnt í verki hlýhug sinn í garð listamannsins, m.a. með því að leggja sitt af mörkum til þess að vel færi um Kjarval síðustu ár hans og því greitt kostnað af dvöl hans á Hótel Borg. Væntanlega hafi Kjarval séð fyrir að börn hans hefðu ekki bolmagn til að búa nægilega vel að gjöfinni og uppfylla þær kvaðir sem slíkri eign fylgja og lúta að dýru sýningar- og geymsluhúsnæði, forvörslu, skráningu og söfnun.

Þá vekur stefndi sérstaka athygli á því að erfingjar Kjarvals hafi ekki gert tilkall til þessara verka og muna Kjarvals þegar þau fengu leyfi til einkaskipta á dánarbúi Jóhannesar S. Kjarvals. Samkvæmt erfðafjárskýrslu, sem undirrituð sé af báðum erfingjum listamannsins, Aase Kjarval Lökken og Sveini Kjarval, hinn 1. apríl 1973, voru í dánarbúinu eignir samtals að verðmæti gkr. 1.415.000.- og samanstóðu þær af peningaeign að fjárhæð gkr. 1.390.000.- og teikningum á veggjum í herbergi í Austurstræti 10a að verðmæti gkr. 25.000. Ekki hafi verið minnst á verk þau og

muni sem stefnandi heldur nú fram að hafi átt að koma til skiptanna. Verði því ekki um kennt að þau hafi ekki vitað um þessa muni. Þau hefðu strax árið 1968 haft vitneskju um að Reykjavíkurborg hafði tekið við mununum, sbr. bréf Ólafs Þórðarsonar, dagsett 10. október 1968, og skýrslu stefnanda Guðrúnar Kjarval og árið 1971 hafi athygli þeirra verið vakin á fréttafloppningi af gjöf Kjarvals, sbr. bréf Ólafs Þórðarsonar, dagsett 11. október 1971. Rétt rúmri viku fyrir skiptalok, sbr. erfðafjárskýrslu, hafi Kjarvalsstaðir verið opnaðir eða hinn 24. mars 1973. Þar hafi komið fram að um gjöf væri að ræða, bæði í ræðu þáverandi borgarstjóra, Birgis Ísleifs Gunnarssonar, sem og í sýningarskránni sem gefin hafi verið út í tilefni af opnunarsýningunni, m.a. í æviágripi Kjarvals. Ættingjar Kjarvals hafi verið viðstaddir opnunina, þ.á m. Aase Kjarval Lökken. Aase Kjarval hafi einnig setið kvöldverð í boði stefnda, ásamt tveimur börnum Sveins Kjarvals sem haldinn hafi verið nokkrum dögum síðar í tilefni af opnun Kjarvalsstaða. Í þakkarbréfi til borgarstjóra, dagsettu 4. maí 1973, geri Aase eina athugasemd við æviágripið sem birtist í sýningarskránni og laut hún alls ekki að staðhæfingunni um að Kjarval hafi gefið stefnda safn mynda eftir sig. Þvert á móti lýsir Aase Kjarval því yfir í bréfinu að nú sé litríkum æviferli Kjarvals lokið en að líf hans og list muni lifa áfram á Íslandi. Athugasemdin hafi aftur á móti lotið að því að í æviágripið vanti að faðir hennar hafi verið útnefndur heiðursmeðlimur Dönsku listaakademíunnar á 200 ára afmæli akademíunnar. Ljóst sé að erfingjar Kjarvals hafi haft fulla vitneskju um að stefndi hefði tekið við verkum og munum úr hendi Kjarvals og hefðu því haft allt tilefni til að gera kröfu um að fá verkin afhent svo taka mætti þau til skipta í dánarbúinu hafi þau talið að Reykjavíkurborg væri einungis með munina til geymslu. Það hafi þau ekki gert.

Það sé fyrst haustið 1975 sem Sveinn Kjarval haldi því fram að ekki hafi verið um gjöf að ræða með boðun blaðamannafundar, að því er fram komi í málatilbúnaði stefnenda. Ekkert virðist hafa orðið úr kröfugerð eða eftirmálum af nokkru tagi gagnvart stefnda þá. Sjö árum síðar, eða 1982, hafi erfingjar Kjarvals, fyrir atbeina listaverkasala hér í borg, falið lögmanni að kanna réttarstöðu sína. Af gögnum verði það ráðið að hann hafi ráðlagt erfingjunum á þá lund að þeir hefðu enga stöðu og þeir samþykkt þær málalyktir en þá þegar var ljóst að skriflegur gerningur væri ekki til staðar. Nú, 23 árum síðar, þegar flestir þeir sem geti veitt samtímaupplýsingar séu horfnir á braut, stefni erfingjarnir Reykjavíkurborg á sama grundvelli og áður lá fyrir - og í rauninni öll þau tæpu 40 ár sem liðin eru, hefði verið eftir því leitað. Þegar þetta stórkostlega tómlæti af hálfu erfingjanna sé virt megi ljóst vera að erfingjar Kjarvals hafi ekki aðeins fyrir löngu fyrirgert rétti sínum til verka og muna Kjarvals, hafi þeir einhvern tímann átt slíkan rétt, heldur hafi sefndi, Reykjavíkurborg, fyrir löngu áunnið sér hefð yfir gjöf Kjarvals.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 46/1905 um hefð megi vinna hefð á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé. Skilyrði þess að hefð myndist er skv. 2. gr. tíu ára óslitið eignarhald á lausafé. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sé hefð sjálfstæð eignarheimild og þurfi aðrar eignarheimildir ekki að vera til staðar svo eignarréttur verði viðurkenndur. Óumdeilt sé að stefndi hafi nú í hartnær 40 ár haft óslitið eignarhald á gjöf Kjarvals. Stefndi mótmælir fullyrðingu stefnanda um að 3. mgr. 2. gr. hefðarlaga standi því í vegi að Reykjavíkurborg geti hafa hefðað gjöf Kjarvals enda tók Reykjavíkurborg aldrei við verkum og munum Kjarvals til geymslu. Stefndi hafi frá upphafi umráða sinna á verkum og munum Kjarvals umgengist hana sem sína eign og sýnt þá afstöðu sína í verki. Opinberlega hafi stefndi ítrekað fjallað um að Kjarval hafi gefið hina rausnarlegu gjöf, kostað miklum tíma og fjármunum til

forvörslu og viðgerða á gjöf Kjarvals, skráð og geymt verk og muni Kjarvals af kostgæfni, bætt og aukið við safnið að verkum og verðmæti og svona mætti lengi telja. Megi því ljóst vera að stefndi hafi alla tíð byggt umráð sín á því að Kjarval hafi gefið Reykjavíkurborg verk sín og muni en ekki á einhverju samkomulagi við Kjarval um að verk hans og munir skyldu teknir til geymslu. Í ljósi hins stórkostlega tómlætis stefnanda að gera ekki fyrr en nú, mörgum áratugum eftir að Reykjavíkurborg hafi fengið umráð yfir gjöf Kjarvals, tilkall til hennar, sé það stefnanda að sanna að hefð hafi ekki komist á.

Með vísan til alls framanritaðs ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Ef svo ólíklega skyldi fara að stefndi teldist, að mati dómsins, ekki vera réttur eigandi að gjöf Kjarvals byggir stefndi þrautavarakröfu sína á því að hann hafi haldsrétt í þeim munum sem gjöfin samanstendur af, sbr. dskj. 3-6. Stefndi hefur í hartnær 40 ár haft vörslur gjafar Kjarvals. Á þeim tíma hafi ómældum tíma og kostnaði verið varið í flokkun, skráningu, forvörslu og viðgerðir á safni Kjarvals, sem eins og fram hefur komið, sé mikið umfangs; myndverkahluti gjafarinnar telji einn og sér yfir 5.000 númer, sbr. dskj. 3. Safnið hafi jafnframt verið varðveitt í sérinnréttuðu geymsluhúsnæði Reykjavíkurborgar. Ljóst þyki að stefndi hafi með þessu ekki aðeins varðveitt safnið og forðað því frá skemmdum heldur stóraukið það að verðmæti. Þegar stefndi hafi tekið við gjöf Kjarvals hafi hún einungis samanstaðið af miklu magni teikninga, skissa, bréfa, pensla, lita og annarra muna í óskipulagðri óreiðu og mjög misjöfnu ásigkomulagi, sbr. lýsingu Steinunnar Bjarman. Sem slík hafi óreiðan sem stefndi hafi tekið við verið miklu minna virði og hafi að auki legið að hluta til undir skemmdum, þótt einstakir munir hafi verið mikils virði. En með tímafrekri og kostnaðarsamri skráningu, flokkun og viðgerð hafi óreiðan orðið að verðmætu safni, bæði í menningarsögulegum og fjárhagslegum skilningi.

Samkvæmt meginreglu kröfuréttar um haldsrétt eigi vörslu- eða geymslumaður rétt á að fá kostnað vegna vörslu, viðgerða, og annað þess háttur, endurgreiddan og hafi hann haldsrétt í viðkomandi hlut eða hlutum fyrir endurgreiðslukröfunni. Ekki liggi fyrir hver kostnaður stefnda af vörslum og viðhaldi Kjarvalssafnsins hafi verið á þeim langa tíma sem hér um ræði en hann nemi augljóslega afar stórum fjárhæðum enda hafi fjöldi starfsmanna Reykjavíkurborgar unnið við vörslu og viðhald safns Kjarvals. Í þessu sambandi sé rétt að minna á að skv. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, fynist haldsréttur ekki þótt skuld fynist. Hér sé því um að ræða húsnæðiskostnað til næstum 40 ára, launakostnað þeirra sem komið hafa að skráningu, viðgerðum og annarri forvörslu sem og ýmiss konar útlagðan kostnað í gegnum tíðina. Ljóst megi vera að kostnaðurinn verði aldrei leiddur í ljós að fullu. Þess vegna mun þurfa að dómkveðja matsmenn til að meta annars vegar í hverju verðmætaaukningin, sem leiðir af flokkun og skráningu safnsins, felst og hins vegar hæfilegt endurgjald fyrir geymslu, forvörslu, viðgerðir og umsjón safnsins. Það er hins vegar ekki tilefni til að dómkveðja matsmenn og fela þeim þetta flókna viðfangsefni með tilheyrandi kostnaði nema fyrir liggi að stefndi verði ekki talinn réttur eigandi að gjöf Kjarvals.

Fallist dómurinn ekki á að stefndi hafi haldsrétt í verkum og munum Kjarvals vekur stefndi athygli á því að sá afhendingarfrestur sem stefnandi krefst sé í hæsta máta órýmilegur og í raun óraunhæfur. Hafa ber í huga að gjöf Kjarvals sé feyki umfangsmikil, telji þúsundir muna, og samanstandi m.a. af viðkvæmum hlutum

sem þurfi að varðveita við sérstök skilyrði auk þess sem safnið í heild sé ómetanlegt. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að hafa yfir að ráða aðstöðu til að varðveita munina en slíkt safn verði ekki geymt í hvaða húsnæði sem er. Ætla verði stefnanda að vilja varðveita á forsvaranlegan hátt þessar þjóðargersemar, sem a.m.k. að hluta falla undir lög nr. 105/2001 um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa, en annar fyrirsvarsmaður stefnanda, Mette Stiil, er búsett í Danmörku. Stefndi fer þess því á leit við dóminn, verði ekki fallist á að stefndi hafi haldsrétt í verkum og munum Kjarvals, að stefnda verði ekki gert að afhenda safn Kjarvals fyrr en að loknum svo rýmilegum fresti að bæði gefist stefnda færi á að fá endanlega niðurstöðu Hæstaréttar Íslands um eignarrétt að gjöf Kjarvals sem og stefnanda að koma sér upp þess konar aðstöðu til varðveislu verka og muna Kjarvals sem gera verður kröfu til.

Stefndi mótmælir jafnframt dagsektakröfunni sem stefnandi hefur uppi. Fari svo að stefndi verði ekki talinn réttur eigandi að verkum og munum Kjarvals, sbr. dskj. 3-6, og verði stefnda jafnframt gert að afhenda stefnanda þau, muni stefndi hlíta dómsorði. Dagsektir séu því óþarfar. Megi og minna á að stefndi hafi frá upphafi verið í góðri trú og talið verk og muni Kjarvals sína eign, og þannig varðveitt hana og viðhaldið og aukið margfalt að verðmæti. Má ljóst vera að safnið væri ekki til í dag í þeirri mynd sem nú er nema fyrir tilstuðlan alúðar Reykjavíkurborgar við varðveislu þess.

Stefndi byggir málalíbúnað sinn m.a. á eftirfarandi heimildum:

- Meginreglu samningaréttar um gildi munnlegra löggerna.
- Almennum reglum sammingsréttar um gildi og þýðingu gjafaloforða.
- Lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
- Meginreglu íslensks réttar um tómlæti og tómlætisáhrif.
- Lögum nr. 7/1947 um héraðsskjalasöfn.
- Reglugerð nr. 61/1951 um héraðsskjalasöfn.
- Lögum nr. 46/1905 um hefð.
- Lögum nr. 105/2001 um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa.
- Meginreglu kröfuréttar um haldsrétt.
- Lögum nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.
- Almennum reglum réttarfars um sönnun og sönnunarbyrði.

Viðurkenningarkröfu í þrautavarakröfu byggir stefndi á 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Kröfu um málskostnað byggir stefndi á 129. sbr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

NIÐURSTAÐA

Meginágreiningur aðila snýst um það hvort Jóhannes heitinn Kjarval hafi gefið stefnda, Reykjavíkurborg, muni þá er stefnendur krefja um, hinn 7. nóvember 1968. Liggur ekki fyrir skriflegur gjafagerningur þess efnis frá Jóhannes S. Kjarval. Þá liggja heldur ekki fyrir gögn þar að lútandi í vörslum stefnda, svo sem minnisblað frá þáverandi borgarstjóra eða bókanir um gjöf til stefnda í fundargerðum stofnana stefnda. Af gögnum málsins verður ekki séð að frá gjöf þessari hafi verið skýrt opinberlega fyrr en fjallað var um það í Morgunblaðinu hinn 2. nóvember 1971 að Reykjavíkurborg hafi fengið gjöf frá Jóhannes S. Kjarval. Þá var þessa getið í ræðu Birgis Ísleifs Gunnarssonar borgarstjóra við opnun Kjarvalsstaða 24. mars 1973 og í sýningarskrá sem gerð var við sama tækifæri. Engin gögn hafa komið fram á tímabilinu 1968 til 1982 þar sem fram koma staðhæfingar af hálfu Reykjavíkurborgar eða fyrirsvarsmanna hennar um það með hvaða hætti gjafayfirlýsing var gefin. Við athugun Baldurs Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns á árinu 1982 kom fram að engin skrifleg gögn væru til um það hvers konar afhendingu hefði verið um að ræða. Þannig lá á þessu tímabili ekki ljóst fyrir hvort Reykjavíkurborg hefði í fórum sínum gjafabréf sem stafaði frá Jóhannes S. Kjarval. Af gögnum málsins, þar á meðal framburði barna Sveins Kjarvals, má ráða að niðjar Jóhannesar S. Kjarvals töldu fljótlega eftir að einkaskiptum á dánarbúi Jóhannesar S. Kjarvals lauk árið 1973 að Reykjavíkurborg væri ekki lögmaður eigandi þeirra muna sem komust í vörslur borgarinnar haustið 1968.

Fyrir liggur ljósrit úr dagbók vitnisins Guðmundar Alfreðssonar lögfræðings frá árinu 1968 þar sem segir um 28. október 1968.

„Síðdegis ferjaði ég ásamt pabba 20 teikningar (túss, kol og blek) eftir Jóhannes Kjarval frá Sigtúni 7 niður á skrifstofu borgarstjóra. Kjarval var að gefa borginni þessar myndir.“

Hinn 7. nóvember 1968 er fært í dagbókina:

„Í dag klukkan 14.00 afhenti Jóhannes Kjarval Geir borgarstjóra að gjöf nokkra tugi teikninga ásamt gömlum kössum ofan af hálofti hjá sér sem í eru bækur, blöð, flatkökur, ýmis skrif og riss, fara þessir munir allir til minjasafns Reykjavíkurborgar. Pabbi hefur flesta daga og mörg kvöld undanfarinna þriggja vikna verið með Kjarval að sortera upp úr kössum kirnum og möppum inni í Sigtúni 7. Þykir pabba það skemmtilegur starfi að vonum. Ég hef stundum litið við. Öðru hverju hafa Olafur Þórðarson systursonur Kjarvals og leigubílstjóri rétt þeim hjálparhönd.“

Vitnið staðfesti í skýrslu um síma að þetta væri skrifað af honum og með hans rithönd og skrifað á þessum tíma þegar þessir hlutir eru að gerast. Hann hafi verið 18 ára gamall og í 6. bekk í menntaskóla.

Hann kvað þetta vera eins og hann minntist atburðanna og að hann myndi þennan viðburð mjög vel. Þetta hafi verið stórmál í sínum huga og hann myndi að þarna voru þessir hlutir afhentir og að þetta var gjöf.

Hann kvaðst hafa verið tíður gestur í Sigtúni, stundum einn og án föður síns. Þannig að þetta hafi verið rætt og komið til tals. Kvaðst hann muna mjög vel eftir þessu og að þarna hafi þessi afhending farið fram.

Hann kvað þetta fært í dagbók sína vegna þess að hann hafi verið til staðar og fylgst með og það skrifi maður gjarnan í dagbók en ef hann muni rétt og hann segi það reyndar að faðir hans hafi verið vikum saman ásamt Kjarval að sortera hluti og þessar afhendingar hafi farið fram yfir dálítinn tíma. Hafi hann fært í dagbókina þessi tvö skipti sem hann fylgdist með og var á staðnum.

Aðspurður um færsluna 28. október 1968 kvaðst hann hafa þær upplýsingar af því að hann hafi verið þarna á staðnum 28. október eins og hann skrifi. Þá hafi hann verið að ferja og bera kassa á milli og að skrifa í dagbók sína hluti sem hann hafi fylgst með sjálfur og verið vitni að.

Hann kvað Kjarval hafa verið við bæði skiptin sem hann skrifar þarna. Það sem komi fram í dagbókinni sé haft eftir Kjarval beint og sérstaklega samkvæmt færslunni 7. nóvember þegar hann hafi afhent borgarstjóra munina. Hann hafi munað að það var talað um gjöf. Hann hafi hitt Kjarval 7. nóvember. Þetta hafi verið hlutir sem vitnið hefði fylgst með beint og skrifað þess vegna í dagbók sína. Spurður um hvort Jóhannes Kjarval hefði sagt því að hann væri að gefa sagði vitnið að hann hefði sagt það við Geir og vitnið hlustað.

Á staðnum hafi verið faðir vitnisins og Geir Hallgrímsson auk Kjarvals og vitnisins en ekki þorði vitnið að fullyrða hvort fleiri hafi verið þarna þá á staðnum. Aðspurtt sagðist vitnið ekki geta farið með orðalag það sem notað var en eins og vitnið myndi það og hafi skilið á sínum tíma hafi verið þarna um gjöf að ræða.

Vitni þetta kom síðan fyrir dóminn og hafði meðferðis frumrit dagbókar sinnar frá umræddum tíma og sýndi hana og kvaðst nánar aðspurður ekki muna eftir því hvort Ólafur Þórðarson var þarna 7. nóvember 1968. Ekki mundi vitnið hvenær það kom eða hvenær það fór af vettvangi.

Vitnið Þorvaldur Þorvaldsson, áður leigubifreiðarstjóri, skýrði frá því fyrir dómi að eftir að skóflustunga var tekin að byggingunni Kjarvalsstöðum 18. ágúst 1966 hafi Kjarval farið að tala um það að hann ætlaði að gefa Reykjavíkurborg myndir til að eitthvað væri til að sýna á Kjarvalsstöðum og hafi hann sagt að það þýddi lítið að hafa myndlistarhús ef ekkert væri til þess að sýna og hafi sagst hyggjast gera það. Það hafi svo verið síðar að hann hafi sagt vitninu að það væri búið að ákveða það og borgin vildi taka við þessu og síðar einnig að hann hefði afhent og gefið myndir sem færu niður í skjalasafn Reykjavíkur niður í Skúlatún 2. Hefði hann gefið með eitt og annað dót, eins og hann hafi orðað það, það sem var uppi á efra loftinu, það var fyrir ofan salinn sem hann hafði í Sigtúni 7. Vitnið kvaðst ekkert hafa komið nálægt þessari afhendingu eða öðru en Kjarval hafi alltaf talað um það sem gjöf til Reykjavíkur.

Vitnið kvaðst muna eftir því að Kjarval hefði sagt að hann hefði undirbúið þetta með Jóni Þorsteinssyni og Alfreð Guðmundssyni og borgarstjóri hefði tekið sér afar vel sem vonlegt hafi verið því faðir Geirs Hallgrímssonar hafi verið einn af miklum velgerðarmönnum Kjarvals þegar hann hafi verið í Danmörku í fjárhagsörðugleikum og hann hafi verið einn aðalstofnandi Pictors sem hafi verið styrktarfélag til Kjarvals og starfað til nokkurra ára. Aðspurður um ástæðu þess að hvergi væri fjallað opinberlega um gjöf þessa sagði vitnið að Jóhannes Kjarval hefði haft aðra siði að mörgu leyti heldur en almennt hafi gerst í þjóðfélaginu, sérstaklega varðandi viðskipti. Hann hafi verið öðruvísi í sniðum heldur en fólk almennt og það kunni að skýra það að ekki hafi farið fram formleg afhending. Vitnið kvað heilsufar Kjarvals seinni hluta árs 1968 hafa verið svipað og verið hefði undanfarin ár þangað til hann fór á spítalann.

Vitnið kvaðst hafa komið til Kjarvals inn í Sigtún og eins á Hótel Borg eftir 7. nóvember 1968 og hafi hann sagt frá því að frá þessu hefði verið gengið en á hvern hátt hafi vitnið ekki spurt hann um. Kjarval hafi alltaf notað þau orð um þetta „að þetta sem ég gaf Reykjavíkurborg“. Hann hafi aldrei talað um það öðruvísi við vitnið.

Hann hafi tiltekið að það væru tveir stórir kassar sem verið hafi á miðju gólfinu, annar úr tré og hinn pappakassi. Hann hafi sagst hafa gefið það sem í þessum kössum var og meira af dóti, eins og hann hafi orðað það, og muni ofan af loftinu sem vitnið kvaðst hafa vitað nokkurn veginn hvað var. Það hafi verið ýmsir eldhúsmunir og hitt og annað sem hefði safnast í kringum hann sem hann vildi að færi þarna líka.

Fyrir liggur yfirlýsing Alfreðs Guðmundssonar, föður vitnisins Guðmundar, en Alfreð er nú látinn, dagsett 18. september 1982, þar sem segir:

„Ég var viðstaddur 7. nóv. 1968 í Sigtúni 7, þegar Jóh. S. Kjarval tilkynnti Geir Hallgrímssyni formlega um gjöf sína til Reykjavíkurborgar. Ég boðaði Geir á staðinn að ósk Kjarvals, sem áður hafði sagt mér, að hann ætlaði að afhenda Reykjavíkurborg myndverk og aðra muni að gjöf.“

Undir yfirlýsingu þessari eru upphafsstafir Alfreðs Guðmundssonar. Ekki er ágreiningur um að skjal þetta stafi frá Alfreð Guðmundssyni.

Við athugun Baldurs Guðlaugssonar á árinu 1982 komu engin skrifleg gögn fram eins að framan greinir. Hins vegar kemur fram í minnisblaði hans að Geir Hallgrímsson, þáverandi borgarstjóri, hefði sagst sannfærður um að um gjöf hefði verið að ræða en mundi ekki hvernig þetta bar að. Jóhannesi S. Kjarval hafi verið umhugað um að verk hans og munir dreifðust ekki meira en orðið var og því viljað að Reykjavíkurborg eignaðist þá og varðveitti að Kjarvalsstöðum. Jóhannes S. Kjarval hafi ekki viljað að skýrt yrði frá gjöfinni opinberlega og því hefði ekki einu sinni verið bókað um þetta í fundargerðir borgarráðs þar sem slíkar fundargerðir væru opinberar. Fyrir liggur minnisblað Davíðs Oddsonar þáverandi borgarstjóra um fund er haldinn var 5. ágúst 1982 þar sem mættir voru, auk Davíðs, Geir Hallgrímsson, Jón G. Tómasson, borgarlögmaður og Alfreð Guðmundsson. Er þar

haft eftir Geir að þessar myndir, ásamt fleiri munum, hefðu verið afhentar Geir af Jóhannesi S. Kjarval hinn 7. nóvember 1968 að tilhlutan Kjarvals. Enginn vafi hafi verið á því í huga Geirs að þar hafi verið um að ræða gjöf til borgarinnar sem ekki hafi verið háð annarri kvöð en þeirri að borgin léti gera við myndirnar og hefði þær til sýnis í húsakynnum sínum.

Af því sem að framan er rakið er ljóst, og raunar ekki um það ágreiningur í málinu, að Geir Hallgrímsson, þáverandi borgarstjóri í Reykjavík, og Jóhannes S. Kjarval áttu með sér fund í vinnustofu þess síðarnefnda að Sigtúni 7 hér í borg hinn 7. nóvember 1968.

Þegar litið er til gagna þeirra sem lögð hafa verið fyrir dóminn, einkum afdráttarlausss framburðar Guðmundar Alfreðssonar, sem rakinn er hér að framan og studdur er samtímafærslu hans í dagbók, og skýrslu vitnisins Þorvaldar Þorvaldssonar, sem rakin er hér að framan um að Jóhannes S. Kjarval hafi gefið stefnda, Reykjavíkuborg, umrædda muni svo og þegar virt er yfirlýsing Alfreðs Guðmundssonar frá 18. september 1982, sem hnígur í sömu átt, svo og höfð hliðsjón af frásögnum af ummælum Geirs Hallgrímssonar, sem að framan greinir, þykir fram komin sönnun þess að Jóhannes Kjarval hafi gefið stefnda muni þá sem stefnendur krefja um í máli þessu og telja eign dánarbús hans. Samkvæmt því verður stefndi, Reykjavíkuborg, sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála verður málskostnaður á milli aðila felldur niður.

DÓMSORÐ

Stefndi, Reykjavíkuborg, skal sýkn af kröfum stefnenda, Guðrúnar Kjarval og Mettu Stiil, f.h. dánarbús Jóhannesar S. Kjarvals.

Málskostnaður fellur niður.

Allan V. Magnússon